



Starfsáætlun

SSNE

2022

Efnisyfirlit

Um SSNE.....	1
Mannauður	1
Markmiðasetning	2
Yfirlit markmiða.....	2
Atvinnu- og byggðaðróun	3
Atvinnuráðgjöf	6
Nýsköpun	7
Búsetuþættir	8
Upplýsingaöflun	9
Endurmenntun, samstarf o.fl.....	10
Gantt graf	12
Rekstraráætlun 2022	13

Um SSNE

Samtök sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra (SSNE) urðu til 1. janúar 2020 þegar landshlutasamtökin Eyþing, Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar og Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga voru sameinuð í eitt félag. Samtök sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra eru landshlutasamtök sveitarfélaga á Norðurlandi eystra og eru rekin á grundvelli ákvæða 97. gr. laga nr. 138/2011 um sveitarfélög.

Hlutverk SSNE er að þjónusta sveitarstjórnir og atvinnulíf á starfssvæði landshlutasamtakanna til að ná framangreindum markmiðum – með eftirfarandi hætti:

- Innleiða og fylgja eftir sóknaráætlun og byggðaáætlun, þ.á.m. með úthlutun fjármuna og styrkja til einstakra verkefna, svo sem fyrir er mælt í lögum nr. 69/2015 um byggðaáætlun og sóknaráætlun
- Gæta hagsmuna aðildarsveitarfélaganna utan starfssvæðisins
- Vinna að málum sem eru aðildarsveitarfélögunum sameiginleg innan starfssvæðisins
- Stuðla að öfluglu atvinnusvæði til framtíðar með stuðningi við nýsköpun og atvinnuþróun, mótun svæðisskipulags og hagsmunagæslu þar að lútandi
- Annast greiningar, þekkingaröflun og þekkingarmiðlun sem nýtast hlutverki SSNE

Samstarfssamningar sem hafa áhrif á markmiðasetninguna:

- Samningur um sóknaráætlun Norðurlands eystra 2020 – 2024 ásamt viðaukum við samninginn
- Samningar við Byggðastofnun vegna Brothættra byggða
- Samningur við Byggðastofnun um atvinnu- og byggðaþróun
- Samningur um nýsköpunarverkefnið Eim
- Bizmentor - samningsbundið þróunarverkefni

Mannauður

Alls eru níu fastráðnir starfsmenn í átta stöðugildum hjá SSNE. Sjö starfsmenn sinna atvinnuráðgjöf, atvinnu- og byggðaþróun og tveir sinna menningarmálum. Auk þess eru tveir verkefnastjórar í verkefnum Brothættra byggða. Verkefnisstjóri Betri Bakkafjarðar er í 100% stöðu og verkefnisstjóri Glæðum Grímsey í 50% stöðu. Starfsstöðvar eru 5, í Ólafsfirði, á Dalvík, Akureyri, Húsavík, Raufarhöfn auk þess sem verkefnisstjórar Brothættra byggða eru með reglulega viðveru á Bakkafirði og í Grímsey.

Markmiðasetning

Yfirlit markmiða

Markmið 1	Auka samstarf sveitarfélaga á svæðinu og bæta upplýsingaflæði
Markmið 2	Auka fjármagn inn á svæðið í gegnum styrktarsjóði
Markmið 3	Fjölga atvinnutækifærum og starfandi fyrirtækjum á svæðinu með fjölbreytni að leiðarljósi
Markmið 4	Skapa jöfn tækifæri til náms, hækka menntunarstig í landshlutanum og auka framboð listnáms
Markmið 5	Efla samvinnu safna á milli með það að markmiði að auka fagmennsku í starfsemi þeirra
Markmið 6	Stuðla að jákvæðri byggðaþróun og standa vörð um hagmunni jaðarbyggða
Markmið 7	Auka sýnileika og kynningu á þjónustu atvinnuráðgjafa
Markmið 8	Tengja saman frumkvöðla og mentora þvert yfir landið
Markmið 9	Efla og styðja við nýsköpun og frumkvöðlastarf á svæðinu
Markmið 10	Styðja við nýsköpun í starfandi fyrirtækjum á svæðinu
Markmið 11	Auka yfirsýn á stuðningsumhverfi nýsköpunar
Markmið 12	Bæta samgöngur innan landshlutans sem og til landshlutans
Markmið 13	Bæta aðgengi að þjónustu: Samþætting flutninga í landshlutanum
Markmið 14	Styrkja flutnings- og dreifikerfi raforku í landshlutanum
Markmið 15	Afla upplýsinga um fyrirtæki á svæðinu
Markmið 16	Marka framtíðar- og heildarsýn landshlutans í umhverfismálum
Markmið 17	Kynnast starfsemi stoðstofnana
Markmið 18	Styðja við símenntun starfsmanna
Markmið 19	Efla skilvirkni og samstarf landshlutasamtakanna
Markmið 20	Auka samstarf í málefnum norðurslóða

Atvinnu- og byggðapróun

- Samtökin vinna í samræmi við stefnu ríkisins, eins og hún kemur fram í ályktun Alþingis um byggðamál, áherslur sóknaráætlunar landshlutans og aðra stefnumótun á sviði atvinnu- og byggðapróunar á starfssvæðinu. Félagið gerir m.a. úttekt á möguleikum atvinnulífs á svæðinu og hvernig megi nýta þá sem best
- Samtökin leita samstarfs við stofnanir í stoðkerfi atvinnulífsins, fyrirtæki og aðra aðila sem vinna ráðgjafar og leiðbeiningarstarf í atvinnumálum. Félagið miðlar eftir fengnum upplýsingum um starfsemi þessara aðila og vinnur að bættum samskiptum þeirra við atvinnulíf á starfssvæðinu
- Samtökin taka þátt í námskeiðahaldi varðandi stofnun og rekstur fyrirtækja, fjármögnun viðskiptahugmynda o.þ.h. í samstarfi við Byggðastofnun og aðrar stofnanir í stoðkerfi atvinnulífs og byggðapróunar

Með því að stuðla að samstarfi aðildarsveitarfélaga er ekki aðeins verið að styrkja landshlutann og efla samstöðu heldur einnig verið að skjóta styrkari stoðum undir atvinnu- og byggðapróun. Markmiðið styður einnig hlutverk SSNE í að „vinna að málum sem eru aðildarsveitarfélögum sameiginleg innan starfssvæðisins.“

Markmið 1	Auka samstarf sveitarfélaga á svæðinu og bæta upplýsingaflæði
Aðgerð	<ul style="list-style-type: none">• Halda reglulega fundi með kjörnum fulltrúum og framkvæmdastjórum sveitarfélaga á svæðinu• Birta fréttir og umfjöllun um starfsemi SSNE á miðlum samtakanna• Starfrækja fjölmeningarráð• Virkja samráðsvettvang SSNE
Árangursmælikvarði	<ul style="list-style-type: none">• Ánægja sveitarfélaga með samstarfið og upplýsingaflæði

Svæðið hefur mikla möguleika á að sækja fé í gegnum styrktarsjóði til rannsókna og atvinnuuppbyggingar. Mikilvægt er að fylgjast vel með þeirri þróun og tryggja að verið sé að nýta þær leiðir sem í boði eru.

Markmið 2	Auka fjármagn inn á svæðið í gegnum styrktarsjóði
Aðgerð	<ul style="list-style-type: none">• Efla aðstoð, ráðgjöf og fræðslu vegna opinberra styrkja og annarra fjármögnunarkosta• Sjá um ráðgjöf og námskeið vegna umsókna í Matvælasjóð• Þjóða fjárhagsaðstoð vegna faglegrar ráðgjafar í umsóknarskrifum• Fylgjast með úthlutun og dreifingu opinberra fjármuna í gegnum sjóði og veita aðhald í formi hagsmunagæslu• Umsóknir í sjóði stefnumótandi byggðaáætlunar (t.d. C.1, A.10)
Árangursmælikvarði	<ul style="list-style-type: none">• Hækkað sóknarhlutfall af svæðinu í sjóði Rannís• Hækkað árangurshlutfall umsókna í sjóðum Rannís• Verkefni styrkt úr sjóðum stefnumótandi byggðaáætlunar

Með því að styðja við og vera leiðandi í verkefnum sem stuðla að því að fjölga atvinnutækifærum og starfandi fyrirtækjum með fjölbreytni að leiðarljósi er SSNE að uppfylla sitt hlutverk í því að „stuðla að öflugu atvinnusvæði til framtíðar með stuðningi við nýsköpun og atvinnuþróun, mótun svæðisskipulags- og hagsmunagæslu þar að lútandi.“ Þá er mikilvægt er að frumkvöðlar viti hvaða aðstaða er í boði og hvert á að leita þegar þörf er á vinnusvæðum og aðstöðu. Markmiðið styður einnig við áttunda markmið SP „góð atvinna og hagvöxtur stuðla að viðvarandi sjálfbærum hagvexti og arðbærum og mannsæmandi atvinnutækifærum fyrir alla“ og þá sérstaklega markmið 8.2 „aukinni framleiðni í atvinnulífinu verði náð með fjölbreytni, tækninýjungum og nýsköpun, meðal annars með því að beina athygli að vinnuafslifrekum geirum sem fela í sér mikinn virðiauka.“

Markmið 3	Fjölga atvinnutækifærum og starfandi fyrirtækjum á svæðinu með fjölbreytni að leiðarljósi
Aðgerð	<ul style="list-style-type: none"> • Áframhaldandi þátttaka í starfi Veltek • Styðja við störf án staðsetningar og fjölga valkostum um vinnuástöðu • Uppbygging þekkingarþorps við HA
Árangursmælikvarði	<ul style="list-style-type: none"> • Uppsetning klasasetra á svæðinu

Með því að vinna verkefni sem stuðla að því að menntunarstig hækki á svæðinu er SSNE þátttakandi í því að auka búsetugæði og þjónustustig á starfssvæðinu. Þá styður markmiðið einnig við fjórða markmið SP „menntun fyrir alla tryggja öllum jafnan aðgang að góðri menntun og tækifæri til náms alla ævi.“

Markmið 4	Skapa jöfn tækifæri til náms, hækka menntunarstig í landshlutanum og auka framboð listnáms
Aðgerð	<ul style="list-style-type: none"> • Innleiðing listnáms á háskólastigi á Akureyri • Halda málþing um listnám á háskólastigi • Styðja við skóla í skýjunum
Árangursmælikvarði	<ul style="list-style-type: none"> • Listnám á háskólastigi innleitt í landshlutanum á árinu 2022 • Málþing haldið á árinu 2022

Með því að vinna verkefni sem stuðla að eflingu safnastarfs á svæðinu er SSNE þátttakandi í því að efla fagmennsku innan safna og setra á svæðinu og að stuðla að jákvæðu viðhorfi íbúa til menningar. Þá er aukin áhersla á barnamenningu í sóknaráætlun landshlutans. Þetta styður jafnframt við 17.17 markmið SP „hvetja til skilvirkari samstarfsverkefna hjá hinu opinbera, milli opinbera geirans og einkaaðila og á meðal borgaranna og styðja við slík verkefni. Við framkvæmd þeirra verði byggt á reynslu af samstarfsverkefnum almennt og útsjónarsemi höfð í fyrirrími“.

Markmið 5	Efla samvinnu safna á milli með það að markmiði að auka fagmennsku í starfsemi þeirra
Aðgerð	<ul style="list-style-type: none"> • Vinna verkfærakistu fyrir söfn á svæðinu með áherslu á markaðsstarf • Vinna verkfærakistu fyrir söfn á svæðinu með áherslu á fræðslu fyrir börn • Aðstoða menningarstofnanir við að vinna fræðsluáætlun ætlaða börnum • Halda málstofu um notkun sýndar- og viðbótarveruleika í safnastarfi

- Samstarf vegna menningarviðburða s.s. Þjóðleikur, Upptaktur, Ungskáld

Árangursmælikvarði

- Verkfærakistur unnar og kynntar
 - Fræðsluáætlun unnin og kynnt
 - Málstofan haldin
-

Með því að stuðla að jákvæðri byggðaþróun er sérstaklega verið að styðja við verkefni innan byggðaáætlunar, sóknaráætlunar og verkefni innan Brothættra byggða þar sem markvisst er unnið að því að stuðla að öfluglu atvinnulífi og að gera landshlutann að samkeppnishæfum valkosti, bæði til atvinnu og búsetu.

Markmið 6**Stuðla að jákvæðri byggðaþróun og standa vörð um hagsmuni jaðarbyggða****Aðgerð**

- Áframhaldandi þátttaka í verkefnum Brothættra byggða, Glæðum Grímsey og Betri Bakkafjarðar
- Áframhaldandi vinna við svæðisborgina Akureyri

Árangursmælikvarði

- Mælikvarðar verkefna Brothættra byggða eru innbyggðir í hverju verkefni fyrir sig
-

Atvinnuráðgjöf

- Samtökin veita ráðgjöf við stofnun, þróun og rekstur fyrirtækja á starfssvæðinu, svo sem markaðssókn, vörubrúun, fjármögnun, kynningu, endurskipulagningu, erlend samskipti o.fl. Samtökin veita m.a. upplýsingar um mögulega fyrirgreiðslur og styrki, aðstoð annarra aðila og aðstoð við gerð rekstraráætlana. Áhersla skal lögð á fyrirtæki sem hafa afgerandi áhrif á atvinnulíf lítilla byggðalaga, fyrirtæki í nýjum atvinnugreinum, fyrirtæki með nýja vörur eða þjónustu og nýstofnuð fyrirtæki
- Samtökin geta tekið þátt í fjárhagslegri ráðgjöf og endurskipulagningu fyrirtækja, en varast þó starfsemi á samkeppnismarkaði
- Veittan tíma í atvinnuráðgjöf skal flokka niður í eftirfarandi flokka á ársgrundvelli;
 - i. Iðnaður.
 - ii. Ferðaþjónusta.
 - iii. Landbúnaður, þ.m.t. fiskeldi og þjónustugreinar fiskeldis.
 - iv. Sjávarútvegur.
 - v. Menning, listir og skapandi greinar.
 - vi. Ríki og sveitarfélög.
 - vii. Annað.

Með því að halda áfram að kynna þjónustu atvinnuráðgjafa munu fleiri íbúar, sveitarfélög og forsvarsfólk fyrirtækja sækja þjónustuna. Atvinnuráðgjafar skulu leggja áherslu á að öðlast yfirgripsmikla þekkingu á verkefnum á svæðinu.

Markmið 7	Auka sýnileika og kynningu á þjónustu atvinnuráðgjafa
Aðgerð	<ul style="list-style-type: none">• Reglulegar heimsóknir til aðildarsveitarfélaga SSNE• Reglulegir íbúafundir á starfssvæði samtakanna• Reglulegar fyrirtækjaheimsóknir á svæðinu öllu• Framfylgja samskipta- og kynningaráætlun SSNE• Skrá alla þá sem sækja ráðgjöf hjá SSNE í gagnagrunn
Árangursmælikvarði	<ul style="list-style-type: none">• Fjöldi þeirra sem sækja ráðgjöf til SSNE• Fjöldi vinnustofa og námskeiða• Fjöldi einstaklinga í gagnagrunninum

Frumkvöðlar finna gjarnan fyrir skorti á aðgengi að mentorum sem geta miðlað dýrmætri þekkingu og reynslu sinni. Þetta á ekki síst við frumkvöðla í strjálbýlli byggðum landsins. 2020 – 2021 stóð yfir vinna við að hanna og þróa vefgátt Bizmentor sem hluti er af Evrópuverkefni (NPA). Nú er vefgáttin komin í loftið og fyrirhugað er að kynna hana fyrir frumkvöðlum á svæðinu. Frekari þróunarvinna er háð áframhaldandi styrkveitingu sem kemur í ljós 8.des 2021. Verkefnið er samstarfsverkefni Íslands, Írlands og Finnlands.

Markmið 8	Tengja saman frumkvöðla og mentora þvert yfir landið
Aðgerð	<ul style="list-style-type: none">• Kynna Bizmentor lausnina fyrir frumkvöðlum á svæðinu
Árangursmælikvarði	<ul style="list-style-type: none">• Fjöldi frumkvöðla sem taka þátt í Bizmentors á Norðurlandi eystra

Nýsköpun

- Samtökin vinna verkefni á sviði nýsköpunar með einstaklingum og fyrirtækjum
- Það er mikilvægt fyrir frumkvöðla að hafa samfélag sín á milli og tækifæri til að deila þekkingu og reynslu. SSNE beitir fyrir sér að skapa jarðveg nýsköpunar og vettvang til að þroska og þróa hugmyndir með aðgengi að leiðsögn og jafningjafraeðslu.

Þátttaka í fjölbreyttum samstarfsverkefnum landshlutasamtakanna og viðskiptahröðlum hefur gefist vel sl. ár.

Markmið 9	Efla og styðja við nýsköpun og frumkvöðlastarf á svæðinu
Aðgerð	<ul style="list-style-type: none">• Taka þátt í Ratsjá• Taka þátt í Hacking Hekla• Taka þátt í Nýsköpunarviku• Taka þátt í Norðanátt• Taka þátt í Hæfnihringjum• Taka þátt í Matsjá
Árangursmælikvarði	<ul style="list-style-type: none">• Þátttaka frumkvöðla og fyrirtækja frá NE í ofantöldum verkefnum

Það er mikilvægt að nýsköpun innan starfandi fyrirtækja verði gert hærra undir höfði enda ótrúleg gróska þar. Þetta markmið eflir innri meðvitund og fær starfsfólk til að vera öflugur málsvari nýsköpunar landshlutans. Hvetja þarf einstaklinga og fyrirtæki til að sækja í stærri styrktarsjóði en þar getur SSNE veitt stuðning og aðstoð.

Markmið 10	Styðja við nýsköpun í starfandi fyrirtækjum á svæðinu
Aðgerð	<ul style="list-style-type: none">• Fara í fyrirtækjaheimsóknir á öllu svæðinu• Kynningar á nýsköpun í starfandi fyrirtækjum á miðlum SSNE• Kynna aðgengi að fjármagni á landsvísu og veita aðstoð við umsóknir
Árangursmælikvarði	<ul style="list-style-type: none">• Fjöldi og tíðni fyrirtækjaheimsókna• Fjöldi fyrirtækja sem nýta sér skattaafslátt vegna þróunarkostnaðar

Ávinningur samfélags er að hér verður til nýsköpunarvænt umhverfi með stuðningi sem er með þarfir notenda í huga. Í kjölfarið verður atvinnulíf fjölbreyttara og lýðfræði svæðisins jafnast. Þörf er á að meta hvaða stoðþjónustu frumkvöðla vantar.

Markmið 11	Auka yfirsýn á stuðningsumhverfi nýsköpunar
Aðgerð	<ul style="list-style-type: none">• Vinna stöðumat• Gera gatagreiningu
Árangursmælikvarði	<ul style="list-style-type: none">• Kortlagning stuðningsumhverfis nýsköpunar liggur fyrir

Búsetuþættir

- Samtökin vinna í samstarfi við sveitarfélög, aðra opinbera aðila og félagasamtök að greiningu og eflingu búsetuþátta
- Góðar samgöngur eru forsenda jákvæðrar samfélags- og atvinnuþróunar og eru í raun lífæð samfélagsins. Þær eru skapa m.a. aðgengi að þjónustu og störfum, skapa farveg til að fá aðföng í framleiðslu og koma afurðum á markað og eru nauðsynlegar til að geta veitt ferðaþjónustu. Skortur er á heildarsýn á möguleikum til samgönguúrþóta í landshlutanum.

Það er mikill sigur að nú séu flugsamgöngur skilgreindar sem almenningssamgöngur. Nokkur munur er samt á skoska kerfinu og Loftbrú. Í Skotlandi er aðgangur að kerfinu ótakmarkaður, eins og almennt á við um almenningssamgöngur, en Loftbrú gerir aðeins ráð fyrir sex flugleggjum. Auk þess er niðurgreiðslan ytra 50% en 40% hér á landi. Það er því ljóst að fullum sigri hefur ekki verið náð og ljóst að baráttan fyrir þessu máli heldur áfram. Til að ákvarða næstu skref þarf að meta árangur þess sem þegar hefur verið gert.

Markmið 12	Bæta samgöngur innan landshlutans sem og til landshlutans
Aðgerð	<ul style="list-style-type: none">• Vinna greiningu á nýtingu og næstu skrefum í Loftbrúnni í samstarfi við önnur landshlutasamtök• Vinna samgöngustefnu fyrir Norðurland eystra
Árangursmælikvarði	<ul style="list-style-type: none">• Greining liggur fyrir og næstu skref ákveðin• Samgöngustefna fullunnin og kynnt

Ófullnægjandi almenningssamgöngur á milli byggðakjarna eru talin til veikleika svæðisins. Nauðsynlegt er að hyggja að samstarfi og samlegð allra flutningsaðila þar sem, vegna smæðar, skortir á allar samkeppnisforsendur.

Markmið 13	Bæta aðgengi að þjónustu: Samþætting flutninga í landshlutanum
Aðgerð	<ul style="list-style-type: none">• Kortleggja kerfislægar hindranir
Árangursmælikvarði	<ul style="list-style-type: none">• Samnýting verður á leiðakerfi pósts og farþegaflutninga

Víða í landshlutanum, sérstaklega á austurhluta svæðisins, er flutningskerfi raforku ófullnægjandi og er takmarkandi fyrir rekstur og uppbyggingu margra fyrirtækja og möguleika þeirra á orkuskiptum.

Markmið 14	Styrkja flutnings- og dreifikerfi raforku í landshlutanum
Aðgerð	<ul style="list-style-type: none">• Eftirfylgni skýrslunnar <i>Innviðir 2020</i> auk eftirlits og hagsmunabaráttu varðandi forgangsröðun og fjárveitinga til málaflokksins
Árangursmælikvarði	<ul style="list-style-type: none">• Spennusetning Hólasandslínu og Blöndulínu

Upplýsingaöflun

- Félagið skal hafa góða heildaryfirsýn yfir starfssvæði sitt og veita Byggðastofnun eins og kostur er upplýsingar um ástand atvinnulífs og búsetuþátta. Þessar upplýsingar skulu veittar án endurgjalds

Til þess að hafa góða heildarsýn yfir atvinnulíf á starfssvæðinu og meta stöðu og horfur er nauðsynlegt að afla upplýsinga um fyrirtæki á svæðinu. Því er þátttaka í fyrirtækjakönnun landshlutanna í samvinnu við SSV afar mikilvæg.

Meginmarkmið könnunarinnar er að draga fram afstöðu forsvarsmanna fyrirtækja einstakra landshluta til ýmissa þátta sem telja má meðal mikilvægustu rekstrarþátta fyrirtækja.

Markmið 15	Afla upplýsinga um fyrirtæki á svæðinu
Aðgerð	<ul style="list-style-type: none">• Fá uppfærðan fyrirtækjalista frá CreditInfo og yfirfara• Uppfæra atvinnugreinaflokkun í fyrirtækjakönnun í samráði við Vífil• Senda út könnun á fyrirtækjalista
Árangursmælikvarði	<ul style="list-style-type: none">• Könnun unnin og niðurstöður kynntar

Þar sem umhverfismál eru nýr málaflokkur sóknaráætlunar liggur ekki fyrir skýr sýn á stöðu eða framtíð umhverfismála í landshlutanum. Nauðsynlegt er að ráðast í slíka vinnu í nánu samstarfi við nýskipaða umhverfisnefnd SSNE.

Markmið 16	Marka framtíðar- og heildarsýn landshlutans í umhverfismálum
Aðgerð	<ul style="list-style-type: none">• Vinna stöðumat vegna losunar og möguleika til bindingar og kolefnisjöfnunar• Vinna aðgerðaáætlun til að draga úr losun CO2• Vinna hagkvæmnimat á líforkuveri• Gera fræðsluáætlun varðandi umhverfis- og loftlagsmál
Árangursmælikvarði	<ul style="list-style-type: none">• Stöðumat gert og kynnt• Aðgerðaáætlun gerð og kynnt• Hagkvæmnimat fullunnið og kynnt• Fræðsluáætlun fullunnin og kynnt

Sjá frekari upplýsingaöflun sem komið er inn á í öðrum köflum starfsáætlunarinnar.

Endurmenntun, samstarf o.fl.

- Samtökin leitast við að efla þekkingu og fagmennsku sína á sviði atvinnu- og byggðaðróunar með endurmenntun, samvinnu við önnur atvinnuþróunarfélög og Byggðastofnun, þátttöku í samstarfsverkefnum þessara aðila og með þátttöku í stefnumótun og samræmingu á starfsemi félaganna

Mikilvægt er að starfsmenn SSNE kynni sér hlutverk og verkefni stoðstofnana sem vinna að sameiginlegum hagsmunum þvert á landið í þeim málaflokkum sem tengjast SSNE. Samstarf við þessar stofnanir eru landshlutanum til framdráttar og nýttast við vinnu og stefnumótun SSNE til framtíðar.

Markmið 17	Kynnast starfsemi stoðstofnana
Aðgerð	<ul style="list-style-type: none">• Fara í heimsókn til Samtaka iðnaðarins, Samtaka atvinnulífsins, Viðskiptaráðs Íslands, Íslandsstofu o.fl. stofnana sem vinna að sameiginlegum hagsmunum okkar allra og fáum kynningu á verkefnum þeirra og samleiðaráhrif skoðuð sérstaklega
Árangursmælikvarði	<ul style="list-style-type: none">• Fjöldi stoðstofnana sem heimsóttar voru

Mikilvægt er að starfsmenn öðlist færni í nýjustu tækni, tileinki sér hana og miðli áfram. Í árlegum starfsmannasamtölum er þörfin og áhugi starfsmanna á frekari tækni og lærdómi kannaður. Leitast er við eftir fremsta megni að sameina námskeið fyrir starfsmenn þar sem það á við.

Markmið 18	Styðja við símenntun starfsmanna
Aðgerð	<ul style="list-style-type: none">• Námskeið, t.d. í Teams, fjarfundarbúnaði, Excel o.fl.• Halda námskeið fyrir starfsmenn til að bæta gæði atvinnuráðgjafar• Samhæfð starfsþjálfun atvinnuráðgjafa með fleiri landshlutasamtökum
Árangursmælikvarði	<ul style="list-style-type: none">• Fjöldi námskeiða sem starfsmenn sækja• Fjöldi starfsmanna sem fara á námskeið

Sterkur samhljómur er á milli starfsemi landshlutasamtakanna á landsbyggðinni en með auknu samstarfi, samvinnu og samráði er hægt að efla skilvirkni starfseminnar til mikilla muna. Fyrir vikið verða samtökin sterkari, starf þeirra faglegra og samræming er á milli þeirrar þjónustu sem í boði er um allt land. Fjármunir nýttast betur og álag dreifist betur ef fleiri koma að samstarfinu sem sömu hagsmuni að leiðarljósi.

Markmið 19	Efla skilvirkni og samstarf landshlutasamtakanna
Aðgerð	<ul style="list-style-type: none">• Auka samráð og upplýsingagjöf í gegnum FB síðu Byggaðstofnunar og landshlutasamtakanna• Auka samstarf í námskeiðum og ráðgjöf vegna styrkja• Reglulegir fundir atvinnuráðgjafa og menningarfulltrúa
Árangursmælikvarði	<ul style="list-style-type: none">• Almenn ánægja ríkir með samstarfið

Málefni norðurslóða eru sífellt mikilvægari á alþjóðlegum vettvangi og virðist ekkert lát þar á. Uppbygging þverfaglegs þekkingarsamfélags á Akureyri á sviði norðurslóða, þessi síðustu ár, hefur því verið heillavænlegt skref og treystir þátttöku landsins í alþjóðasamstarfi. Málefni norðurslóða eru þess eðlis að þau almennt kalla á þverfaglega nálgun. Ef til vill hefur af þeirri ástæðu gefið góða raun að beina á einn stað aðilum, ekki aðeins hér á landi, heldur einnig í öðrum norðurslóðaríkjum þar sem svipaðar miðstöðvar hafa byggst upp með góðum árangri. Þannig hefur reynslan líka sýnt okkur að þær stofnanir sem þegar eru staðsettar á Akureyri hafa haft ýmsan ávinning af nálægð sinni hver við aðra. Sterk miðstöð málefna norðurslóða á Íslandi mun tvímælaust styrkja og styðja við allt það margvíslega starf sem fram fer víða um land og tengist norðurslóðum.

Markmið 20	Auka samstarf í málefnum norðurslóða
Aðgerð	<ul style="list-style-type: none"> • Styðja við Norðurslóðamiðstöð Íslands • Tengja saman atvinnulíf, sveitarfélög og stofnanir
Árangursmælikvarði	<ul style="list-style-type: none"> • Miðstöð norðurslóða staðfest á Akureyri

Gantt graf

MARKMID	JAN	FEB	MARS	APRÍL	MAÍ	JÚNÍ	JÚLÍ	ÁG	SEPT	OKT	NÓV	DES
1	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x
2	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x
3	x	x	x	x	x	x	x	X	x	x	x	x
4	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	X
5	x	x	x	x	x	x	X	x	x	x	x	x
6	x	x	x	x	x	x	X	x	x	x	x	x
7	X	x	x	x	x			X	x			
8		x	x	x								
9	X	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x
10		x	x	x	x			x	x	X	x	x
11	X	x	x	x				x	x	x		
12	x	x	x	X	x	x	x					
13	x	x	x	x	x	x						
14	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x
15	x	x	x	x	x			x	x	x		
16	X	x	x	x	x	x	x					
17				x	x			X	x	x		
18		x	x					x	x			
19	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x
20	x	x	x	X						x	x	

Rekstraráætlun 2022

	Sundurliðanir rekstrarreiknings						
	SSNE	Atvinnuþróun	Brothættar byggðir	Sóknaráætlun	Evrópu- verkefni	Svæðis- skipulag Eyjafjarðar	Samtals
Rekstrartekjur:							
Framlag ríkissjóðs				134.400.000			134.400.000
Framlög Jöfnunarsjóðs	40.200.000						40.200.000
Framlög sveitarfélaga	74.000.000			13.000.000		4.870.000	91.870.000
Framlög Byggðastofnunar		36.000.000	10.500.000				46.500.000
Framlög Norðurþings		4.640.000					4.640.000
Framlag Langanesbyggðar			3.475.000				3.475.000
Endurgreiddur kostnaður					2.000.000		2.000.000
Framlag MMST							0
Framlag úr sóknaráætlun							0
	114.200.000	40.640.000	13.975.000	147.400.000	2.000.000	4.870.000	323.085.000
Laun og launatengd gjöld:							
Laun	27.230.000	63.400.000	9.900.000	3.500.000		3.980.000	108.010.000
Fæðispeningar	385.000	1.355.000	195.000				1.935.000
Laun stjórnar	8.200.000						8.200.000
Launatengd gjöld	8.090.000	15.180.000	2.370.000	700.000		790.000	27.130.000
	43.905.000	79.935.000	12.465.000	4.200.000	0	4.770.000	145.275.000
Rekstrargjöld:							
Akstur skv. dagbók	445.000	885.000	290.000	320.000			1.940.000
Dagpeningar	110.000						110.000
Áunnid orlof	75.000	250.000	30.000				355.000
Tryggingar starfsfólks	170.000						170.000
Annar starfsmannakostnaður	940.000	990.000	50.000				1.980.000
Hiti, rafmagn og ræsting	1.430.000	820.000					2.250.000
Húsaleiga	2.150.000	5.750.000					7.900.000
Gjaldfærð áhöld og tæki	175.000	350.000					525.000
Sími og áskriftargjöld	825.000		65.000				890.000
Burðargjöld	55.000	85.000					140.000
Bækur, blóð og tímarit	25.000	25.000					50.000
Pappír, prentun og rttföng	240.000						240.000
Skrifstofuáhöld	310.000	515.000					825.000
Rekstur tölvukerfis	3.500.000						3.500.000
Annar skrifstofukostnaður	330.000	30.000					360.000
Endurskoðun	1.250.000						1.250.000
Bókhald	2.800.000						2.800.000
Lögfræðikostnaður							0
Aðkeypt þjónusta	4.075.000	220.000		70.000	1.000.000	100.000	5.465.000
Ferðakostnaður	2.475.000	2.085.000		620.000	1.000.000		6.180.000
Funda- og viðskiptakostnaður	1.285.000	275.000		100.000			1.660.000
Auglýsingar		210.000		340.000			550.000
Annar kostnaður	80.000						80.000
Flutt á skrifstofu SSNE vegna umsjúlu	-6.350.000			6.350.000			0
Bankakostnaður	65.000	25.000					90.000
Tryggingar starfsfólks	85.000						85.000
Lífeyrissjóðsskuldbindingar	1.550.000						1.550.000
Veittir styrkir og áersluverkefni				135.000.000			135.000.000
	18.095.000	12.515.000	435.000	142.800.000	2.000.000	100.000	175.945.000
Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði:	52.200.000	-51.810.000	1.075.000	400.000	0	0	1.865.000